

1864.

18. júlí.

62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um eptir hverri jarðabók reikna skuli offur til prests af fasteignum.

Eptir að stjórnarráðið í bréfi 12. dag marzm. þ. á. hafði beðið um álit yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, útaf fyrirspurn frá prófastinum í Árnessýslu, Símoni Bech, um það, eptir hverri jarðabók skuli gjalda prestsoffur af fasteignum, sem lögbodðið er á Íslandi, hefir dómsmálastjórninni borizt bréf yðar, 19. d. maímán. síðastliðna, og hafið þér í því látið í ljósi þá skoðun, að þareð svo sè fyrir mælt í tilskipun 1. d. aprílm. 1864 2. gr., að greiddir skuli eptir hinni nýju jarðabók þeir skattar, tollar og gjöld, er eptir þetta kunni að verða lögð á jarðir á Íslandi, og að allar tíundir af jörðum á Íslandi frá 6. degi júnímán. 1862 skuli heimtar og greiddar eptir þeim dýrleika, sem á hverja jörð er settur í hinni nýju jarðabók, en tilskipunin á hinn bóginn ekki hafi neina ákvörðun um, að aðrar álögur þær, er hvíldu á jörðunum þegar lagabodðið kom út, skuli heimtar eptir jarðabók þessari, þá beri að álíta, að fara skuli eptir hinum eldri jarðadýrleika um offur til presta á Íslandi, að svo miklu leyti sem það eptir tilskipun 27. d. janúarm. 1847 á að gjaldast af jörðum, og eigi því hækkun eður lækkun jarðadýrleikans í hinni nýju jarðabók engin áhrif að hafa á skylduna til að greiða offur.

Stjórnarráðið kunngjörir yður nú, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörðið það, að það fellst á skoðun þá, sem þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, hafið í ljósi látið um þetta efni, og má, auk þeirra ástæðna, sem að ofan er getið, telja henni það til styrkingar, að hinn eldri jarðadýrleikinn enn ræður, þegar lagt er saman fasteign og lausafé til að reikna út skattinn.